



Fundargerð	
Yfirskrift / efni:	2. Fundur stjórnar KLÍ
Staðsetning:	Fundarsalur ÍSÍ
Hvenær:	10. 6. 2026 klukkan 17:30
Þátttakendur:	Valgerður Rún Benediktsdóttir - Formaður Jóhann Ágúst Jóhannsson – Gjaldkeri Hafdís Pála Jónasdóttir – Varaformaður Ársæll Rafn Erlingsson – Ritari Sigurður Jónas Eggertsson – Meðstjórnandi Þórarinn Már – Framkvæmdastjóri KLÍ Katrín Fjóra Bragadóttir - Varamaður
Fundarritari:	Ársæll Rafn Erlingsson

Fundargerð síðasta fundar

- Fundargerð samþykkt

Staða landsliðsmála

- Matthias Möller treystir sér ekki í verkefnið að vera með karlalandsliði vegna anna.
- Landsliðsnefnd beðin, eftir svar Möllers, um nýjar tilnefningar svo stjórn getið farið í verkið. Landsliðsnefnd lagði til Ólaf Svein Ólafsson og Sigurð Guðmundsson framyfir YTC ásamt Katrínu Fjólu. Stjórn leggur til að gera 2ja ára samning við Katrínu Fjólu og skammtímasamning við Sigurð og Ólaf.

Landsliðsþjálfari öldunga:

- Lagt til að halda áfram að stofna öldunganefnd sem tekur ákvörðun með landsliðsnefnd varðandi landsliðsþjálfara. Búið að senda póst á félög varðandi að fá tilnefningar til öldunganefndar en engin svör hafa komið.
- Til að samtal geti haldið áfram varðandi landslið öldunga þarf að stofna þetta ráð enda er 33 prósent iðkenda sem falla í þennan hóp.

Beiðni rekstraraðila keilusalarins á Akranesi um saming um afnot að aðstöðu.

- Stjórn þarf að fá frekari skýringu og upplýsingar um hvað er í boði á Akranesi varðandi tíma og upphæðir. Þarf að koma á samtali milli landsliðsþjálfara, stjórnar og rekstraraðila varðandi þörf, nýtingu og verð. Ársæll og Þórarinn fara í þetta.

RIG 2027

- RIG bowling fer fram 16 – 27 janúar.
- Jóhann skýrir framgang betur á næsta fundi.

Drög að dagskrá næsta tímabils

- Þórarinn kynnir drög að dagskrá.
- Farið yfir mótagdagsetningar.

Önnur mál

- Valgerður fer yfir reglugerðarbreytingar sem verður unnið í í sumar.

Fundi slitið kl. 18:05